

# Dysfunctional Attitude Scale–Form A

## Próffræðilegir eiginleikar fjögurra þátta lausnar

Sigurlín H. Kjartansdóttir  
Landspítali–háskólasjúkrahús

Guðmundur B. Arnkelsson  
Háskóli Íslands

Dysfunctional Attitude Scale-Form A (DAS-A) var hannaður af Arlene Weissman og Aaron Beck (1978) með hliðsjón af hugrænni atferliskenningu Becks. Listanum er ætlað að meta hugsanaskekkjur (*cognitive distortions*), sérstaklega þær sem leiða til eða viðhalda þunglyndi. DAS-A listinn hefur verið notaður með góðum árangri til að meta árangur í hópmeðferð og áhættu þunglyndis auk þess að nýtast við klíniska vinnu (Blatt, Quinlan, Pilkonis og Shea, 1995; Keller, 1983). Fleiri en ein gerð DAS-A lista eru til. Þáttgreining þeirra hefur ýmist bent til tveggja eða fjögurra undirliggjandi þátta (Cane, Olinger, Gotlib og Kuiper, 1986; Oliver og Baumgart, 1985). Markmið þessarar rannsóknar var að kanna þáttauppbyggingu íslenskrar útgáfu listans.

### Aðferð

Höfundar yfirfóru og endurgerðu að hluta forþýðingu Péturs Tyrfingssonar, sálfræðings. Tveir óháðir aðilar bakþýddu listann sem síðan var yfirfarinn nákvæmlega af höfundum og komið í lokagerð. Listinn ásamt fleiri mælitækjum (Sigurlín Hrunn Kjartansdóttir, 2005) var lagður fyrir 305 nemendur sem sátu ýmis námskeið við Háskóla Íslands. Unnið var úr svörum nemenda með meginásagreiningu (*principal axis analysis*) með hornskökkum snúningi (*oblimin*) í samræmi við ábendingar Comrey, Reise og Waller (2000). Fjöldi þátta var ákvarðaður með skriðuprófi Cattells, samhliða greiningu (*parallel analysis*) og samanburði ólíkra lausna.

### Niðurstöður

Skriðupróf benti til tveggja til fjögurra undirliggjandi þátta en samhliða greining gaf ótvírætt fjóra þætti til kynna. Samanburður ólíkra þáttalausna studdi skýrlega fjögurra þátta lausn. Þáttur eitt (Úthverft sjálfsmat) inniheldur 12 atriði sem ná að skýra 22,2% af dreifingunni. Innihald þáttarins einkennist af því að sjálfsmat og sjálfstraust sé háð álit annarra. Þáttur tvö (Sjálfsstjóraþáttur) inniheldur 9 atriði og skýrir 9,2% af dreifingunni. Hann einkennist af trú á því að viðkomandi hafi sjálfur stjórn á líðan sinni og hafi val um hvernig brugðist sé við í ólíkum aðstæðum. Þáttur þrjú (Þörf fyrir stuðning annarra) inniheldur 6 atriði og skýrir 5,5% dreifingarinnar. Hann einkennist af þörf fyrir stuðning annarra til að viðhalda góðu sjálfsmati og vellíðan. Þáttur fjögur (Kröfur um árangur) inniheldur 11 atriði og skýrir 4,1%. Hann einkennist aðallega af þeirri trú fólks að það verði að standa sig vel í öllu sem það tekur sér fyrir hendur, svo það teljist ekki vera annars flokks.

Samanlagt skýra þættirnir rúm 40% af dreifingunni. Innra samræmi ( $\alpha$ ) var viðunandi fyrir þætti eitt og fjögur en lágt fyrir þætti tvö og þrjú. Þessi lági áreiðanleiki gæti orsakast af því hve fá atriði falla á þessa þætti.

### Umræða

Niðurstöðurnar benda til fjögurra undirliggjandi þátta fyrir íslenska útgáfu DAS-A. Tveir þáttanna eru með viðunandi og tveir með lágan áreiðanleika. Listinn gefur því kost á sundurgreinandi mati á hugsanaskekkjum. Ef frekari rannsóknir gefa til kynna aðgreiniréttmæti eftir þáttum t.d. við mat á árangri meðferðar, þyrfti að styrkja þessa þætti. Einnig væri æskilegt að þáttgreina listann í klínisku þýði til sjá hvort þáttabyggingin haldist þar.

Blatt, S. J., Quinlan, D. M., Pilkonis, P. A. & Shea, M. T. (1995). Impact of perfectionism and need for approval on the brief treatment of depression: The national institute of mental health treatment of depression collaborative research program revisited. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 63, 125–132.

Cane, D. B., Olinger, L. J., Gotlib, I. H., & Kuiper, N. A. (1986). Factor structure of the Dysfunctional Attitude Scale in a student population. *Journal of Clinical Psychology*, 42, 307–309.

Comrey, A. L., Reise, S. P., og Waller, N. G. (2000). Factor analysis and scale revision. *Psychological Assessment*, 12, 287–297.

Keller, K. E. (1983). Dysfunctional attitudes and cognitive therapy for depression. *Cognitive Therapy and Research*, 7, 437–444.

Oliver, J. M., & Baumgart, E. P. (1985). The Dysfunctional Attitude Scale: Psychometric properties and relation to depression in an unselected adult population. *Cognitive Therapy and Research*, 9, 161–167.

Sigurlín Hrunn Kjartansdóttir (2005). *Próffræðilegir eiginleikar DAS-A (Dysfunctional Attitude Scale – Form A) sjálfsmatskvarðans: Rannsókn á áreiðanleika, réttmæti og þáttgreiningu listans innan klínískis þýðis og meðal háskólanemenda*. Óbirt cand.psych.–ritgerð við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Weissman, A. & Beck, A. (1978). Development and validation of the dysfunctional attitude scale: A preliminary investigation. Rit birt á árlegum fundi (nr. 62) Annual meeting of the American Educational Research Association. Toronto, Ontario, Kanada.

### DAS-A metur hugsanaskekkjur sem viðhalda þunglyndi

DAS-A spurningar	I	II	III	IV
23. Ef einhver er mér ósammála þýðir það líklega að honum líkar ekki við mig	0,61			
32. Ef maður forðast vandamálin, þá hverfa þau	0,54			
36. Fólkl mun hafna þér ef það veit um alla veikleika þína	0,54			0,32
39. Ef manneskja sem mér þykir vænt um endurgeldur ekki ást mína, þýðir það að enginn getur elskað mig	0,54			
25. Mitt eigið álit skiptir mig meira máli en álit annarra á mér	0,50	0,33		
24. Ég get ekki verið hamingjusöm/amur nema flestir sem ég þekki dáist að mér	0,49			
38. Hamingja mín byggist meira á öðru fólki en á sjálfum mér	0,46			
15. Ef ég segi eitthvað kjánalegt þýðir það að ég er kjánaleg(ur)	0,42			
30. Ef fólk vissi hvernig þú raunverulega ert, myndi það hafa minna álit á þér	0,41			
16. Ég nýt alltaf að hafa fullkomna stjórn á tilfinningum mínum	0,31	–0,25		
7. Fólk ætti að búa sig undir það versta, annars verður það fyrir vonbrigðum	0,29			
8. Ég ætti að geta gert öllum til hægis	0,28			
4. Með því að stjórna því hvernig ég túlka ólíkar aðstæður get ég haft stjórn á tilfinningum mínum		0,54		
9. Jafnvel þegar maður getur ekki stjórnað því sem hendir mann, getur maður stjórnað því hvernig maður hugsar		0,49		
14. Maður þarf ekki að verða argur þó eitthvað standi í vegi fyrir því sem mann langar til		0,47		
40. Ég ætti að geta leyst vandamál mín fljótt og án mikillar fyrirhafnar		–0,47		
34. Annað fólk getur sýnt mér umhyggju jafnvel þótt það viti um alla mína veikleika	0,35	0,44	–0,39	0,25
29. Fólk mun líka vel við mig jafnvel þótt ég nái ekki miklum árangri		0,43		0,31
3. Ég nýt þess betur ef ég framkvæmi hluti af því að mig langar til þess en ef ég geri það til að þóknast öðru fólki		0,43		
20. Maður ætti að leita að hagnýtum lausnum á vandamálum frekar en fullkomnum lausnum		0,40		
17. Ég get notið mín jafnvel þó öðrum líki ekki við mig	0,28	0,35	0,29	
28. Ef maður hefur ekki annað fólk til að styðjast við hlýtur maður að verða dapur			0,59	
27. Það er hræðilegt ef fólk sem skiptir mann máli hefur vanþóknun á manni			0,57	
21. Mangildi mitt er mjög háð því hvað öðrum finnst um mig	0,43		0,55	
6. Það skiptir miklu máli hvað öðrum finnst um mig	0,31		0,54	
26. Ef ég sýni fólki ekki góðvild, samgími og tillitsemi er ég slæm manneskja			0,48	
1. Ef ég geri mistök mun fólk líklega hafa minna álit á mér	0,26		0,27	
12. Maður ætti að reyna að vera bestur í öllu því sem maður tekur sér fyrir hendur			0,59	
13. Ef maður nýtur ekki velgengi þá er lífið innantómt			0,59	
18. Ef ég geri ekki hámarks kröfur til sjálfs mín þá enda ég sennilega sem annars flokks einstaklingur			0,57	
19. Ef ég stend mig ekki alltaf vel þá ber fólk ekki virðingu fyrir mér	0,34		0,50	
5. Ef maður getur ekki gert eitthvað vel þá er til lítills að vera að því			0,49	
10. Það er skammarlegt að sýna veikleika sína	0,31		0,47	
37. Ég get náð mikilvægum markmiðum án þess að þræla mér út		0,39	0,44	
35. Ef mér mistekst að hluta til þá er það jafnslæmt og að mistakast algjörlega	0,32		0,43	
2. Ég verð að vera gagnleg(ur), skilvirkur(ur) og skapandi til þess að lífið hafi einhvern tilgang			0,40	
22. Maður ætti að standa sig vel við allt sem maður tekur sér fyrir hendur		–0,31	0,38	
31. Í hvert sinn sem ég tek áhættu er ég bara að bjóða vandræðum heim	0,28		0,29	

Þættir	$\alpha$	k
Úthverft mat	0,81	12
Sjálfsstjóri	0,65	9
Þörf fyrir stuðning	0,73	6
Kröfur um árangur	0,82	11
Listinn allur	0,88	40

$\alpha$ : Cronbachs alfa

k: Fjöldi atriða í þætti

Íslensk útgáfa af DAS-A byggir á fjórum undirliggjandi þáttum.